



## 16258 Borgarlýsing – Stýrikerfi – Skápastýringar, EES

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 17. mars 2026 og skiluðu 5 fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES. Um heildar fjárhæð er að ræða með kaupum á búnaði, uppsetningu og rekstri til tíu ára. Uppsetningu, prófunum og kennslu skal lokið nóv. 2026 og rekstur tryggður til 10 ára. Eftir uppsetningu verður einungis um að ræða hugbúnaðar- og tengigjöld ásamt tilfallandi þjónustukostnaði þegar eftir honum er kallað. Stýrikerfið tekur við stjórnbúnaði sem er þegar farinn að bila og er hluti lýsingakerfisins logandi 24/7 þar sem gamla stýrikerfið virkar ekki í öllum skápum með tilheyrandi kostnaði.

Upphaflega var ákveðið að ganga að tilboði lægstbjóðanda, Raftákn ehf., en þegar gengið var eftir upplýsingum varðandi ákveðna vottun stýrikerfisins sem þeir sögðust standast kom í ljós að hún átt bara við hluta stýrikerfisins. Í framhaldi af því óskaði Raftákn ehf. eftir því að falla frá tilboði sínu.

Því næst var sendur póstur á alla bjóðendur vaðandi ósk um framlengingu á tilboðstíma þar sem hann var útrunninn. Samþykktu það allir bjóðendur, að S. Guðjónsson/Fagkaup ehf. undanskildum.

Eftir yfirferð á tilboði Rafal ehf. og skýringarfundar sem haldinn var, er niðurstaðan sú að Rafal ehf. standist allar gerðar kröfur útboðsins.

Því er lagt til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lágsta gilda tilboði, Rafals ehf að fjárhæð 57.986.400kr. með vsk. Fyrirtækið hefur staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu og tæknilegt mat skrifstofu framkvæmda og fasteignaþjónustu.

Virðingarfyllt

Guðni Guðmundsson

USK

*Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu*

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*